

**623. fundur haldinn mánudaginn 4. september 2000 kl. 11:30**  
**Gimli, Lækjargata 3 Reykjavík**

**Mættir:**

Tómas Ingi Olrich, formaður  
Jón Kristjánsson, varaformaður  
Steinn Lárusson, fulltrúi SAF  
Stefán Sigurðsson, fulltrúi SAF  
Helgi Pétursson, fulltrúi Sambands Ísl. sveitarfélaga  
Jóhannes Sigmundsson, varafulltrúi Ferðamálasamtaka Íslands  
Magnús Oddsson, ferðamálastjóri  
Haukur Birgisson, markaðsstjóri

**1. Fundargerð 622. fundar.**

**Afgreiðsla:** Samþykkt

**2. Vinnureglur upplýsingamiðstöðva**

Fram var lögð tillaga að vinnureglum landshlutaupplýsingamiðstöðva, sem Ferðamálaráð á fjárhagslega aðild að.

**Afgreiðsla:** Reglurnar samþykktar.

**3. Erindi Landverndar.**

Í erindinu er óskað eftir stuðningi Ferðamálaráðs vegna ráðstefnu um Vatnajökulspjóðgarð. Ferðamálaráð er aðili að ráðstefnunni.

**Afgreiðsla:** Samþykkt að styðja Landvernd vegna ráðstefnunnar.

**4. Umhverfisverðlaun Ferðamálaráðs.**

Fram var lögð tillaga umhverfisfulltrúa og rökstuðningur með henni. Tillagan er um að Gistiheimilið Brekkubær á Snæfellsnesi fái verðlaunin að þessu sinni.

**Afgreiðsla:** Tillagan var samþykkt og verða verðlaunin afhent á ferðamálaráðstefnunni á Ísafirði 27. september.

**5. Öryggismál og slys í ferðaþjónustu**

Lagt fram bréf samgönguráðherra þar sem óskað er eftir að málið verði tekið fyrir í Ferðamálaráði og sér sendar tillögur að umræðu lokinni. Miklar umræður urðu um málið og sérstaklega bent á mikilvægi upplýsingaþáttarins.

**Afgreiðsla:** Samþykkt að unnar verði tillögur að svari í samræmi við umræður á fundinum og þær síðan teknar til umræðu í ráðinu.

**6. Önnur mál**

**a)** Lögð fram tillaga um að Ferðamálaráð veitti í ár í annað sinn Nýsköpunarverðlaun ráðsins.

**Afgreiðsla:** Samþykkt að Vestmannaeyjabær og Geysistofa fengju verðlaunin og þau yrðu afhent fyrir árslok.

**b)** Steinn Lárusson lagði fram tillögu um að þegar 300.000 erlendi gesturinn á þessu ári kæmi til landsins yrði sérstaklega tekið á móti honum og þessi áfangi kynntur.

**Afgreiðsla:** Samþykkt

**c)** Steinn Lárusson gerði að umtalsefni umræður um hugsanlegan skort á gistirými á höfuðborgarsvæðinu á næstu árum. Miklar umræður urðu um þetta málefni og ákveðið að ræða það í stærra samhengi á næsta fundi.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið 13:10